

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 15. nóvember 2021
UST2021111-007/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þrýstiprófun á þremur lögnum Olíudreifingar ehf. nr. 730.50.00, 730.60.00, 730.61.00 í birgðastöðinni á Reyðarfirði.

Umhverfisstofnun bárust þann 1. nóvember sl. niðurstöður þrýstiprófunar á þremur eldsneytislögnum í olúbirgðastöðinni á Reyðarfirði. Lagnirnar eru merktar nr. 730.50.00, 730.60.00 og 730.61.00 og eru löndunarlagnir frá bryggjubrunni að tankloka í birgðastöð.

Teknís ehf. vélsmiðja sá um prófun lagnanna. Prófunin fór fram daganna 16.-17. október 2021. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, yfir 12 bör og prófað í tæpar 5 klst. Þrýstingsbreytingar voru skráðar á 15 mínútna fresti og prófað var með vatni. Kalt var í veðri eða um 2-5°C og skýjað var með köflum.

Meðfylgjandi eru samantektarblöð um prófanir. **Lögnin stóðst prófanirnar.**

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á lögnum. Þrýstiprófa skal að lágmarki á fimm ára fresti.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri